



Oddafélagið – skýrsla stjórnar 2019

Árið 2019 var tími undirbúnings hjá Oddafélaginu en framkvæmdir og uppákomur voru með rólegra móti. Góðir hlutir gerast hægt stendur einhversstaðar og þolinmæði þrautir vinnur. Það er þó engu að síður þannig að sitthvað þokaðist í rétta átt árið 2019 hjá félaginu. Það voru þó vissulega vonbrigði að umsókn Fornleifastofnunar um rannsóknarstyrk til Oddarannsóknna hlaut ekki brautargengi hjá stjórn Minjasjóðs þetta árið frekar en hin fyrri. Þau ánægjulegu tíðindi urðu hinsvegar síðsumars 2019 að ríkisstjórn Íslands ákvað að í tilefni af 75 ára afmæli Lýðveldisins yrði sett á laggirnar átaksverkefni um ritmenningu miðalda og ákvað ríkisstjórnin að leggja þessu verkefni til 35 mkr á ári næstu 5 árin eða alls 175 mkr. Þetta er samstarfsverkefni forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Snorrastofu og snýr að þverfaglegum rannsóknum á ritmenningu íslenskra miðalda. Með átaksverkefninu leggja samstarfsaðilar áherslu á að efla rannsóknir sem tengjast þeim stöðum á Íslandi þar sem ritmenning blómstraði á miðöldum og þar er Oddi á Rangárvöllum svo sannarlega í fremsta flokki auk þess sem rannsóknir í Odda eru á algjörum byrjunarreit og þörfin því geysileg. Þetta vakti vonir um að forsendur til fjármögnunar Oddarannsóknna myndu breytast en fyrsta úthlutun var ráðgerð fljótlega á árinu 2020.

Vigdís Finnbogadóttir verndari Oddafélagsins og Friðrik Erlingsson stjórnarmaður í Oddafélaginu áttu fund með Graham Paul sendiherra Frakklands þann 23. Janúar. Á fundinum var rætt um að koma á tengslum við háskólann í Angersborg og fræðimenn hans til þess að rekja tengslin milli Anjouhéraðs og Íslands. Leiddar hafa verið líkur að því að Sæmundur fróði hafi stundað nám sitt við Nikulásarklaustur í Angers og jafnvel talið mögulegt að heitið „Svartiskóli“ eigi uppruna sinn í svörtu bergi sem notað var í byggingar þar og sést meðal annars í kastalanum í Angers sem byggður var á 9.-13. öld.

Níunda árlega Sæmundarstund Háskóla Íslands og Oddafélagsins fór fram í björtu veðri við styttuna af Sæmundi fróða við aðalbyggingu Háskólans þann 21. mars en þar var lærdómsmannsins og þjóðsagnapersónunnar Sæmundar fróða Sigfússonar minnst. Stundin hefur verið haldin allt frá árinu 2011, jafnan á degi

sem næst vorjafndægum. Að Sæmundarstund standa Oddafélagið, Stúdentaráð og skrifstofa rektors Háskóla Íslands og tóku þau Þór Jakobsson, heiðursfélagi og fyrrverandi formaður Oddafélagsins, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands og Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs, til máls á Sæmundarstundinni. Þá létu börnin á Mánagarði sig ekki vanta frekar en fyrri ár en þau sungu nokkur lög fyrir gesti af sinni alkunnu snilld.

Vorið 2019 var fornleifaskóli unga fólksins haldinn öðru sinni í Odda en um er að ræða samstarf Oddarannsóknarinnar og allra grunnskóla í Rangárvallasýslu. Þetta vorið komu nemendur með kennurum sínum úr Grunnskólanum á Hvolsvelli og Laugalandi en áður hafði sjöundi bekkur Helluskóla riðið á vaðið. Áfram verður verkefnið þróað stig af stigi, lært af reynslunni og passað upp á að saman fari mikilvæg og áhugaverð fræðsla og góð samvera. Það voru þær Kristborg Þórsdóttir, Hulda Björk Guðmundsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir frá Fornleifastofnun sem héldu utan um kennsluna í góðri samvinnu við umsjónarkennara skólanna.

Haustið 2019 var unnið aðeins að endurbótum á húsinu í Ekru en stefnt er að því að skipta um alla glugga og hurðir og klæða húsið að utan með einangrun og standandi timburklæðningu. Unnið var að endurbótum innanhús og m.a. rafhitun endurnýjuð en hún var komin nokkuð til ára sinna. Framkvæmdir eru unnar með ítrustu hagkvæmni að leiðarljósi en fjárstyrkur frá Héraðsnefnd Rangæinga er lykillinn að þessum framkvæmdum Oddafélagsins í samráði við sveitarfélagið Rangárþing ytra. Með þessu skapast hin þökkalegasta aðstaða og bækistöð fyrir hin brýnu verkefni sem bíða okkar í Odda á næstu árum.

Ekki var haldin Oddahátíð sumarið 2019 en sú fyrsta var haldin þann 1. júlí 2018. Til að byrja með er áætlað að veglegar Oddahátíðir líkt og á síðasta ári verði haldnar annað hvert ár. Nú hyllir undir að ný samgönguleið verði tilbúin sem liggur hjá garði í Odda og tengir saman sveitir. Framkvæmdum við svokallaða Oddabréu lauk rétt fyrir júl 2019 og verður það að teljast mikilvægur áfangi til að auka öryggi íbúa og bæta samgöngur í héraði. Risin er falleg og vel smíðuð brú og nú er næsta skref að sæta færiss og flytja vatnsfarveginn undir hina nýju brú og ljúka við vegtengingar beggja megin. Það er sveitarfélagið Rangárþing ytra sem stendur að þessum vegabótum í góðu samstarfi við Vegagerðina. Mikilvæg hliðaráhrif þessara góðu framkvæmda er að höfuðbólið Oddi á Rangárvöllum kemst nú í alfaraleið á nýjan leik – Þjóðleiðin um Odda verður á vissan hátt endurvakin.

Stjórn Oddafélagsins var óbreytt frá fyrra ári og stjórnarfundur var haldinn í desember en tölvupóstur er að öllu jöfnu mest notaður til samskipta. Félagar í Oddafélaginu voru 144 í lok ársins en allnokkrir nýir félagar hafa gengið til liðs við Oddafélagið í kjölfar Oddahátíðarinnar á síðasta ári. Oddafélagið hélt á árinu úti heimasíðunni www.oddafelagid.net og einnig Fésbókarsíðu en þar er safnað öllu því helsta sem tengist félaginu og þar eru fréttir af starfinu birtar.

Innilegar þakkir eru færðar öllum þeim sem lögðu okkur Oddafélögum lið á árinu með það sameiginlega markmið að gera Odda á Rangárvöllum að miðstöð menningar á ný.

f.h. stjórnar

Ágúst Sigurðsson